

22. janúar 2026

25160

Dreifing

Skipulagsstofnun

> Sigurður Ásbjörnsson

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Höfundur

EBA / HH

Yfirfarið/Samþykkt

Kjartan Elíasson,
Vegagerðin

Tílefni

Umhverfismatsskýrsla: Dýpkun á Grynnslnum, Hornafirði

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum um umhverfismatsskýrslu.

1

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögnum

Kynningartími umhverfismatsskýrslu var frá 18. nóvember 2025 til 21. janúar 2026. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum sem bárust frá sex aðilum. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf var á viðbrögðum.

Tafla 1 Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Vegagerðarinnar.

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Fiskistofa	Brugðist var við umsögn Fiskistofu vegna matsáætlunar. Ekki þörf á frekari viðbrögðum.
Umhverfis- og orkustofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Landhelgisgæsla Íslands	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Sveitarfélagið Hornafjörður	Ekki þörf á viðbrögðum
Náttúrufræðistofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3
Hafrannsóknastofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.4

1.1

Viðbrögð við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar

Í umsögn segir:

„Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í áhrifamati fyrir vatnshlot sem þarf að skila vegna leyfisveitinga þarf að vera umfjöllun um efnistökusvæðið.“

Viðbrögð: Þess verður gætt að umfjöllun um efnistökusvæðið verði í áhrifamati fyrir vatnshlot.

1.2

Viðbrögð við umsögn Landhelgisgæslunnar

Í umsögn segir:

„...benda á það að fara með efnið sem til fellur vel út fyrir innsiglinu og siglingaleiðir að Hornafirði. Jafnframt að dreifa því vel svo ekki myndist grynningar sem þarf að endurmeta m.t.t. sjókorta. Svona klúður hefur reyndar átt sér stað í gegnum tíðina og þ.á.m. í tengslum við dýpkunarframkvæmdir í Hornafjarðarós.“

Viðbrögð: Mælingar á losunarstað í Landeyjarhöfn hafa sýnt að miklir efnisflutningar eru á losunarstöðum á 30 – 35 m dýpi undan suðurströnd Íslands og þess var sérstaklega gætt að hafa efnistökusvæðið ríflegt að stærð til að gæta þess að haugar myndist ekki. Sjá einnig kafla 5.1 í umhverfismatsskýrslunni.

1.3 Viðbrögð við umsögn Náttúrufræðistofnunar

Í umsögn segir:

„Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skýrsluna og tekur undir þá niðurstöðu að losunin er líkleg til að hafa staðbundin og tímabundin neikvæð áhrif á botndýralíf. Sem mótvægisáðgerð er fyrirhugað að vakta samsetningu lífvera á losunarstað á 2-3 ára fresti meðan á framkvæmdum standur. Þar sem breytilegt er hversu mikið efnismagnið verður á ári væri eðlilegra að miða tíðni vöktunar líka við efnismagn og bæta við vöktun ef losun fer yfir ákveðið magn. Þá mætti miða við sýnatöku á tveggja ára fresti eða eftir 1.000.000 m³.“

Viðbrögð: Vegagerðin mun fara eftir tillögu Náttúrufræðistofnunar, þ.e. að miða sýnatöku við á tveggja ára fresti eða eftir 1.000.000 m³.

1.4 Viðbrögð við umsögn Hafrannsóknastofnunar

Í umsögn segir:

„Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við þá niðurstöðu umhverfismats að efnislosun á losunarsvæði hafi óveruleg neikvæð áhrif. Stofnunin bendir þó á að samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir að efnislosun verði breytileg eftir árum og jafnvel allt að 1.000.000 m³, sem er fjórfalt það magn sem losað var 2025. Mögulegt er að áhrif á botndýralíf svæðisins verði varanlegri og meiri við svo mikla efnislosun. Hafrannsóknastofnun tekur því undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar (dag. 12. janúar) um að eðlilegt væri að vöktun taki mið af því efnismagni sem losað er hverju sinni, frekar en að hún miðist við visst árábil. Eins er mikilvægt að tryggja hæfilega dreifingu efnis á efnislosunarsvæðinu. Ef losun fer mikið umfram það magn sem losað var 2025 og sýnataka bendir til umfangsmeiri áhrifa á botndýralíf er nauðsynlegt að endurskoða efnislosun í ljósi þess.“

Viðbrögð: Vegagerðin mun fara eftir tillögu Náttúrufræðistofnunar, þ.e. að miða sýnatöku við á tveggja ára fresti eða eftir 1.000.000 m³.